

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Vopnafirði, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 933/2015 um hundahald í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis, skal vera 14.634 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Vopnafirði, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 912/2015 um kattahald og gæludýrahald annarra en hunda í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis, skal vera 8.818 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

3. gr.

Við upphafsskráningu hunds/kattar skal liggja fyrir vottorð frá dýralækni um örmerkingu viðkomandi dýrs. Kostnaður af örmerki greiðist af eiganda dýrsins.

4. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, auk handsömunar, vörslu og skila dýranna eða aflifunar.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða handsömunargjald* skv. samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði:

fyrir fyrsta skipti, sem dýrið er fangað	18.322 kr.
fyrir annað skipti	24.370 kr.
fyrir þriðja skipti	30.419 kr.

Að auki skal greiða 3.688 kr. fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu.

* Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem dýrið er fangað á 12 mánaða tímabili. Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

5. gr.

Með vísan til 12. gr. í samþykkt um hundahald nr. 704/2010 greiða eigendur hunda á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til heimilda í samþykkt um hundahald nr. 933/2015 og samþykkt um kattahald nr. 912/2015 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2024. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Vopnafirði nr. 1487/2022.

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps, 14. desember 2023.

Sara Elísabet Svansdóttir sveitarstjóri.